







Byggingarlýsing

Almenn lýsing
Á lóðinni Hádegisskarð 3-5, landnúmer 225478 er fyrirhugað að reisa parhús tvílyft að hluta til (split level).
Húsið er ekki hannað á grundvelli algildrar hönnunar.
Hönnuður telur að hægt sé að uppfylla allar stærðarkröfur fyrir áætlaðan íbúafjölda.
Aðgengi að húsinu fyrir akandi og gangandi umferð er frá Hádegisskarði.
Frágangur lóðar á lóðarmörkum er framkvæmdur í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Aðgengi slökkviliðsbíla er frá aðliggjandi götu.
Á lóð er gert ráð fyrir 6x240 L. sorpílátum í sorpskýli samanber gr. 6.12.6 og 6.12.8 í BR.

Helstu stærðir og nýtingarhlutfall

Húsnúmer	Hæðir	Flatarmál A rýma	Rúmmál
Hádegisskarð 3-5	Botn		49,5 m²
	Neðri hæð	158,4 m²	459,4 m³
	Efri hæð	237,6 m²	825,5 m³
	Samtals	396,0 m²	1.334,4 m³

Bílastæðabókahald
Skal gert ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hvert bílastæði samkvæmt ákvæðum BR. gr. 6.7.1.
Bílastæðakrafa 2 stæði á íbúð gera 4 bílastæði.
1 rafhleðslutæki er við hvert hús fyrir 2 bíla.
Tilfærsla á bílastæði er frávik frá gildandi deiliskipulagi.

Burðarvirki
Sökklar, botnplata útveggir og berandi innveggir og svalargólf eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu.
Milligólf og þakplötur eru úr forsteyptum filigran loftplötum. Stigar á milli hæða og þakvirkið er úr timbri.

Botnplata og sökklar
Sökklar eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun og botnplötur eru einangraðar með 100 mm plasteinangrun.

Útveggir
Útveggir eru einangraðir að utan með 100 mm steinullareinangrun og klæddir með vandaðri málmklæðningu dökkgráni á lit og timburklæðningu við innganga og svalir. Timburklæðning þarf að vera eldvarin með impregneringu, flokki 1, og sú vörn að standast veðrunarþolspróf. Klæðningin er fest með viðurkenndu festingarkerfi við stein. Útveggir sem liggja að jarðvegi eru einangraðir með 100 mm plasteinangrun og takkaðúk milli einangrunar og steins.
Að innanverðu eru veggir sandspartlaðir og málaðir með innhúsmálningu.

Þakvirki
Þakplötur eru varðar með viðurkenndum þakpappa með 2.5% og 8% hallandi ásteypulagi að niðurföllum. Þakið með 2.5% hallandi er einangrað með XPS einangrun með yfirliggjandi þurðúk sem er fest niður með harpaðri möl (kornastærð 60-80 mm). Þakið með 8% hallandi er einangrað með XPS einangrun með yfirliggjandi þurðúk sem er fest niður með torfi. Sett verður malarkantur a.m.k. 50 sm við útkant fyrir hættu á eldsúbreiðslu frá torfi á þaki.

Milligólf
Milligólf er úr forsteypum filigran plötum með viðeigandi ásteypulagi.

Milliveggir
Berandi milliveggir eru staðsteyptir með járnbentri steinsteypu, léttir innveggir eru úr léttsteyptum einingum. Innveggir eru spartlaðir og málaðir.

Gluggar og útihurðir
Allir gluggar eru verksmiðjuframleiddir úr timbri/álli og glerjaðir með tvöföldu K-gleri.
Útihurðar eru úr timbri. Gler sem nær niður fyrir 60 sm frá gólfi þarf að vera öryggisgler og á því við.

Loftræsting
Húsið er loftað með náttúrulegri loftræstingu opnun glugga og hurða. Í afloku ðum gluggalausum rýmum, er loftræsting og í eldhúsum og baðherbergjum verður vélknúin loftræsting.

Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkuþörf.
Einangrun er í samræmi við gildandi byggingarreglugerð nr. 112

U-gildi byggingahluta	W/m²K	Einangrunarþykkt	Gerð
U-gildi útveggja	0,34 W/m²K	100 mm	Steinull
U-gildi þaks	0,16-17 W/m²K	200 mm	XPS / Steinull
U-gildi botnplötu	0,24 W/m²K	100 mm	EPS
U-gildi hurða	1,50 W/m²K		
U-gildi glugga	1,35 W/m²K		

Niðurstöður varmatapsútreikninga
Heildarvarmatap á fermetra húss: 0,59 W/m² °C. Útreikningar skv. gr. 13.2.3.

Svalahandrið
Svalarhandrið eru úr stálprófílum og klædd með öryggisgleri. Hæð öryggisglers yfir svalargólfi er að minnsta kosti 80 sm og hæð svalarhandriðs er 110 sm.
Stigahandrið innri stiga skulu ver á báðum hliðum með handlista í 90 sm hæð og a.m.k 50 mm frá vegg eða handriði samkv. BR gr. 6.5.2

Stoðveggir
Stoðveggir við enda raðhús eru staðsteyptir, filteraðir og málaðir í ljósum lit.

Útitröppur
Útitröppur eru úr forsteyptum einingum og 90 sm stálhandriði báðum megin. Gæta skal að frágangi handlista þannig að þeir uppfylli gr 6.5.2.

Skjólveggir
Allir skjólveggir milli veranda eru úr timbri ekki hærri en 1,5 m.

Lagnir
Húsið er upphitað með gólfhitakerfi á öllum hæðum. Neysluvatns og frárfallagnir eru plastlagnir. Varmaskiptir er notaður fyrir heitt neysluvatn og er hann staðsettur við inntak í húsið. Hitastig er hámark 60°C til 65°C. Allar lagnir eru leiddar um lagnastokka niður í grunnlagnakerfi hússins.

Ýmis atriði
Hindrunarlausar breiddir innihurða skulu vera 80 sm og 200 sm á hæð.
Við aðalinngangsdyr er komið bréfrifu 25x280mm með neðri brún 100sm frá yfirborði jarðar samkv. ákvæðum B.R. gr. 6.13.1.
Í baðherbergjum þar sem eru þreplausir sturtubotnar nægir frárennslisbúnaður sem gólfniðurföll.

Brunalýsing
Húsið er ein brunasamstæða sem skiptist í tvö brunahólf með EI 90 brunamótstöðu. Hvert brunahólf er síðan skipt í tvö brunahólf með EI 60 brunamótstöðu. Hver húseining hefur a.m.k. tvær sjálfstæðar flóttaleiðir. Í hverju svefnherbergi eru björgunarop skv. BR gr 9.5.5. Í íbúðarými og bílskúrum skal koma fyrir 6 L. handslökkvitækjum. Timburklæðning við aðalanddyri, á svölum og á 1. hæð undir svölum þarf að vera eldvarin með impregneringu, flokki 1. Til að koma í veg fyrir útbreiðslu elds frá torfi verður komið fyrir a.m.k. 50cm breiður malarkantur.

Hljóðvist
Í töflu 1 má lesa lofthljóðeinangrun í hljóðflokki C : R'w =
Innbyrðis milli íbúðareininga og sameignar 55 dB
Á milli íbúðareininga og atvinnustarfsemi 60 dB
Á milli íbúðareininga og sameignar þar sem um lítia truflun er að ræða 48 dB
Í töflu 59 má lesa hámarksgildi fyrir ómtíma í hljóðflokki C : T(s) =
í stigagöngum og sameiginlegum svalagöngum 0.73 . Engar sérstakar kröfur un ómtíma innan íbúðar.
Í töflu 5 má lesa hámarks hljóðstig frá umferð í hljóðflokki C : Lp,Aeq 24h =
Í íveruherbergjum íbúða frá umferð eða öðrum hljóðgjöfum 30 dB
Í íveruherbergjum íbúða 45 dB max 10 atvik eða fleiri á einni nóttu kl 23 til 07, en ekki einstök atvik
5 dB hærri gildi eru leyfð í eldhúsum, baðherbergjum, þvottaherbergjum o þ.h

Hljóðflokkar
Flokkur C
Tilgreinir viðmiðunargildi fyrir nýbyggingar og fyrir breytingar á byggingum þar sem gerðar eru sömu kröfur og í nýbyggingum. Búast má við að allt að 20% einstaklinga í íbúðarhúsnæði geti orðið fyrir truflunum vegna hljóðs eða hávaða.
Hljóðeinangrun gegn úthávaða ræðst mikið af hljóðeinangrun glugga. Rétt er að nota mispykkt gler og þá 4 og 6 mm með 20 mm loftbili, sem gefur hljóðeinangrunargildið R'w = 36 dB.
Samkvæmt töflu 7 í staðlinum ÍST 45:2016 eru eftirfarandi gildi útihávaða frá umferð í gildi miðað við hljóðflokk C:
Á útisvæðum og fyrir utan glugga 55 dB og á a.m.k. við eina hlið íbúðar 50 dB

Lýsing á lausnum
Samkvæmt hljóðflokki C, skal hljóðeinangrun milli íbúða þarhúsa vera 55 næst með 25 cm þykkum steyptum vegg milli íbúðanna. Útihurðir skulu hafa hljóðeinangrunargildið Rw'=46 dB. Plötuþykkt milli hæða ef þannig háttar til skal vera 22 til 25 cm. Sjá teikningar arkitekta. Til að mæla kröfum um umferðarhávaða skal nota mispykkt gler í samfellu sem er 6+20+4mm, sem gefur hljóðeinangrunina R'w 36 dB í alla glugga. Reiknað er með opnanlegum gluggum. Jafngildishljóðstig yfir 24 klukkustundir vegna umferðarhávaða inni í íbúðunum skal ekki vera hærra en 30 dB(A) jafngildishávaðastig.

Tákn

GN	= Gólfniðurfall	**Brunatákn**
ÞN	= Þakniðurfall	
SN	= Svalaniðurfall	**Veggir og hæðaskil**
LR	= Loftræsting	EI60
VLR	= Vélknúin loftræsting	EI90
PK	= Póstkassar	A-EI60
NL	= Neyðarljós	A-EI120
BO	= Björgunarop	REI60
R	= Reykskynjari	RE120
HSL	= Handslökkvitæki	A-REIM120
ÚT	= Merktur útgangur	
HV	= Hitaveita	
VV	= Vatnsveita	**Hurðir**
RR	= Rafmagnsveita	E30-CS
ÚK	= Útikrani	EI30-CS
DS	= Dyrasími	EI60-CS
		Gluggar
BO	= Fellistigi við björgunarop	E30
25m	= Brunaslanga	
	= Stigleiðsla	
	= Stigleiðsla út	
	= Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis	
	= Inntak	
	= Bílastæði fyrir fatlaða	

Samþykkt þann
06. APR. 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

SHS
6.04.2022

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn

N

1:500 0 5 10 15 20 25 m

Teikningaskrá - Aðaluppdrættir

Númer	Blað	Verkhluti	Dagsetning	Teiknað	Yfirfarið	Útgáfa Númer	Útgáfa Dagsetning	Útgáfa Nafn	Lýsing
Aðaluppdrættir									
1	L101	Afstöðumynd	22.06.2021	HGR	RCM.LPM				
2	A101	Grunnmynd 1. hæð	22.06.2021	HGR	RCM.LPM				
3	A102	Grunnmynd 2. hæð	22.06.2021	HGR	RCM.LPM				
4	A201	Útlit	22.06.2021	HGR	RCM.LPM				
5	A301	Snið 1 - Snið 4	22.06.2021	HGR	RCM.LPM				
6	A601	Skráningartafla og orkurammi	22.06.2021	HGR	RCM.LPM				

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Hlíðasmári 19 - 2.hæð . 201 Kópavogur . Ísland
S. 564.2255 . Fax. 544.4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is

Hádegisskarð 3-5

Hafnarfjörður

Landnúmer:	225478	Staðgreinir:	
Parhús			

Afstöðumynd

Aðaluppdrættir

Hönnun:	KR.RCM	Verknúmer:	21056IP
Verkefnastjóri:	RCM	Mælikvarði:	1 : 500
Teiknað:	HGR	Dagsetning:	22.06.2021
Yfirfarið:	RCM.LPM	Blað:	Útgáfa:
Samþykkt: Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669		L101	

Copyright © KRark _Hönnuður áskilur sér allan rétt á teikningum - Fjölföldun er háð skriflegu samþykki